

Kjartan Már Kjartansson  
bæjarstjóri  
Ráðhúsi Reykjanesskáli  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesskáli

Reykjavík, 7. desember 2020

**Efni: Beiðni um tímabundna heimild til útleigu til einstaklinga**

Umbjóðandi minn Potter ehf. hefur atvinnu af því að eiga og reka fasteignir í Reykjanesskáli og nágrannasveitarfélögum. Ein þessara fasteigna stendur við Sjávargötu 8 í Reykjanesskáli. Húsið er innan skilgreindar hafnarvæðis (H4) í aðalskipulagi bæjarins þar sem eingöngu eru heimilar íbúðir sem tengjast starfsemi fyrirtækja. Með erindi þessu er þess farið á leit við bæjarstjóra, fyrir hönd sveitarstjórnar, hann veiti umbjóðanda mínum tímabundna heimild til útleigu á íbúðarherbergjum í húsinu til einstaklinga.

Undanfarin ár hefur umbjóðandi minn leigt flestar íbúðir og herbergi í húsinu til IGS (nú Icelandair) sem nýttar hafa verið fyrir starfsmenn fyrirtækisins. Í húsinu eru 60 herbergi og samþykkt gistiaðstaða fyrir allt að 120 manns. Húsnæðið allt þykir vera til fyrirmynndar hvað varðar öryggi, brunavarnir og aðbúnað eins og úttektir byggingarfulltrúa staðfesta. Húsið er einnig vel staðsett í nágrenni við almenningssamgöngur, heilsugæslu og stjórnsýslustofnanir.

Í kjölfar endurbóta á húsinu árið 2017 gerði umbjóðandi minn leigusamning við Icelandair með gildistíma fram á haustið 2020. Samningurinn var með framlengingarákvæði og framan af bent allt til þess að Icelandair myndi endurnýja leigusamninginn, enda full þörf á húsnæði á þessum slóðum fyrir starfsmenn fyrirtækisins. Ekki hefur þó komið til endurnýjunar leigusamningsins við Icelandair enda hefur starfsemi fyrirtækisins verið í algjöru lágmarki það sem af er ári vegna Covid-19. Heimsfaraldurinn hefur einnig haft veruleg áhrif á alla atvinnustarfsemi á Reykjanesi og því hafa önnur fyrirtæki ekki þörf á sérstöku húsnæði undir starfsmenn sína eins og sakir standa. Frá og með 1. desember eru því aðeins sjö herbergi af 60 leigð út í húsinu. Allar vonir standa til þess að um tímabundið ástand sé að ræða. Umbjóðandi minn á til að mynda í góðum samskiptum við Icelandair og væntingar standa til þess að fyrirtækið muni gera nýjan leigusamning þegar flugsamgöngur og atvinnulíff komast í eðlilegt horf.

Þótt fyrirtæki sjái ekki hag sinn í að leigja íbúðirnar að Sjávargötu eins og sakir standa telur umbjóðandi minn mikla eftirspurn vera eftir hagkvæmu húsnæði í Reykjanesskáli. Þetta hafi jafnvel orðið til þess að einstaklingar hafi þurft að leita sér skjóls í húsnæði sem stenst ekki kröfur um hollustuhætti eða brunavarnir, sem hafi óæskileg áhrif á þá sem þar búa og samfélagið allt. Á sama tíma standi tóm vel útbúin herbergi að Sjávargötu 8 af þeirri ástæðu einni að sveitarfélagið heimilar ekki útleigu þeirra til einstaklinga á grundvelli skipulagssjónarmiða. Herbergin uppfylli þó allar kröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis.

Í ljósi aðstæðna óskar umbjóðandi minn eftir því að Reykjanesskáli veiti honum tímabundna heimild til útleigu á herbergjum að Sjávargötu 8 til einstaklinga óháð starfsemi fyrirtækja. Með því fengi umbjóðandi minn ekki aðeins tækifæri á að halda atvinnustarfsemi sinni gangandi í Reykjanesskáli heldur yrði slík tímabundin útleiga einnig til hagsbóta fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

Umbjóðandi minn er reiðubúinn að gera frekari grein fyrir máli sínu á fundi með bæjarstjóra eða öðrum fulltrúum bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Víðis Smára Petersen hrl.

  
Hjalti Geir Erlendsson  
Hjalti Geir Erlendsson lögmaður